

Fundargerð 17. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 25. október 2007 kl. 16:00 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður

Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður.

1. Fundargerðir síðustu stjórnarfunda.
Fundargerðir fyrir 15. og 16. Stjórnarfund voru samþykktar af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Sala eigna
Ræða skal við þá aðila sem áhuga hafa lýst á að kaupa eignir og fá þá til að leggja fram formleg tilboð.
3. Staða verkefna.
Farið var yfir stöðu í verkefnum félagsins. Ljóst er að sala eigna hefur gengið mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi. Stjórnin telur því að færi skapist til að hraða öðrum verkefnum í takt við tekjur.
4. Framtíðar skipan mála við Keflavíkurflugvöll.
Stjórnin telur mikilvægt að tryggja einfalda stjórnsýslu og samráðsvettvang hagsmunaaðila.
5. Önnur mál.
Farið var yfir úttekt sem verið er að vinna vegna mats á veitukerfum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.